

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1148/2005 frá 15. júlí 2005 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar penþamat ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1299/2005 frá 8. ágúst 2005 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar fenoxýmetýlpenísillín, foxím, norgestómet og þíamfeníkól ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2005 frá 18. ágúst 2005 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar oxólínsýru og morantel ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32005 R 1148**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1148/2005 frá 15. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 185, 16.7.2005, bls. 20),
- **32005 R 1299**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1299/2005 frá 8. ágúst 2005 (Stjtið. ESB L 206, 9.8.2005, bls. 4),
- **32005 R 1356**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2005 frá 18. ágúst 2005 (Stjtið. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 185, 16.7.2005, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 206, 9.8.2005, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 3.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1148/2005, 1299/2005 og 1356/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.